

**126. fundur í skólanefnd ME**  
**haldinn þriðjudaginn 22. september 2015 kl. 17:00**  
**í fundarherbergi skólans**

Mættir skólanefndarmenn: Esther Gunnarsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Ragnhildur Rós Indriðadóttir (í síma) og Steinunn Ásmundsdóttir sem varamaður fyrir Gauta Jóhannesson.

Áheyrnarfulltrúar mættir: Hlynur Ármannsson, Steinunn Snædal og Rebekka Karlsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn: Helgi Ómar Bragason skólameistari, Elín Rán Björnsdóttir mannauðsstjóri og Árni Ólason áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. Staðfesting fundargerðar 125. fundar
2. Stöðuskýrsla skólameistara
  - Innritunartölur við upphaf skólaárs
  - Fjöldatakmörkun í fjarnámi á haustönn
  - Ráðningar starfsmanna
  - Fjárhagsstaða ME í ágústlok
  - Hlutur ME í fjárlagafrumvarpi 2015
3. Umbótaáætlun í starfsmannamálum
4. Drög að starfsáætlun ME skólaárið 2015-2016
5. Önnur mál:
  - a. Vígsla nýnema
  - b. Félagslífíð
  - c. Nýja heimasíðan
  - d. Fundaskipulag vetrarins

*Formaður setti fund kl. 17:05, bauð nýja áheyrnarfulltrúa velkomna.*

**1. Staðfesting fundargerðar 125**

Fundargerð 125. fundar hafði verið samþykkt í tölvupósti en var nú undirrituð.

**2. Stöðuskýrsla skólameistara**

• **Innritunartölur við upphaf skólaárs**

Skólameistari kynnti innritunartölur haustsins og bar saman við tölur síðustu fjögurra ára. 61 nýnemi í haust miðað við 104 haustið 2012. Töluverðar sveiflur eru í stærð árganga á Austurlandi á milli ára.

• **Fjöldatakmörk í fjarnámi á haustönn**

Gríðarlegur fjöldi sótti um fjarnám í haust. Umsóknir bárust frá um 350 einstaklingum um 637 áfanga. Vegna ónógra fjárheimilda varð að setja upp forgangs röðun við inntöku í fjarnámið. Samkvæmt henni áttu forgang fyrst útskriftarnemendur ME, síðan nemendur úr samstarfsskólum, þá nemendur sem sóttu um fámenna áfanga og

loks aðrir nemendur sem eru nálægt útskrift. Miðað var við 30 fjarnema hámarksfjölda á hvern kennara. Eining var meðal kennara um þessar vinnureglur. Eftir niðurskurð og brottfall eru nú á skrá 254 fjarnemar í um 440 áföngum.

- **Ráðningar starfsmanna**

Helga Jóna tók að sér fjarkennslu í jarðfræði og náttúrufræði frá Húsavík, Sigrún Harðar kennir uppeldisfræði í fjarnámi á seinni spönn. Um áramót þarf að leita aftur að kennslukröftum í einstaka raungreinir. Sandra Rut Skúladóttir var ráðin stundakennari í lífsleikni á haustönn.

- **Fjárhagsstaða ME í ágústlok**

Í lok ágúst námu ónýttar fjárheimildir 15,3 milljónum króna en þar af eru eftirstöðvar fyrri ára upp á 6,5 millj. kr. Skólinn fékk 4,8 milljónir í ágúst vegna uppgjors fyrir sérkennslu ársins 2014. Nokkur óvissa er fólgin í nýju vinnumatskerfi en það mun krefjast meiri fjármuna. Gallinn er sá að þessu nýja kerfi fylgja engir fjármunir.

- **Hlutur ME í fjárlagafrumvarpi 2016**

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2016 verður framlag til skólans 412,4 milj. kr. árið 2016 sem er 1,3% hækkun frá fjárlögum 2015. Hækkun um 1,3% dugir ekki fyrir verðlagsbreytingum né fyrirséðum launahækkunum árið 2016. Áætlaður ársnemendafjöldi skv. frumvarpinu er 276 sem er sama tala og fyrir 2015 en þessi tala er í raun um 300.

Rætt var um mikla aðsókn í fjarnám og mikilvægi þess að fá fjármagn til að halda uppi öflugum fjarnámi, m.a. til að stuðla að meira námsframboði. Nefndin samþykkti að formaður og skólameistari að myndu upplýsa þingmenn um stöðu skólans líkt og í fyrra með það að markmiði að fá skilning á fjárveitingum til fjarnámsins og ná fram fjölgun á skráðum ársnemendum í fjárlögum.

### **3. Umbótaáætlun í starfsmannamálum**

Umbótaáætlun í starfsmannamálum var lögð fram til kynningar og verður tekin fyrir til afgreiðslu á næsta fundi skólanefndar. Þessi áætlun byggir á hugmyndum og tillögum starfsmanna frá síðasta ári. Elín Rán mannauðsstjóri kynnti útdrátt úr áætluninni en hún er í heild sinni á Dropboxi nefndarmanna. M.a. var talað um starfsmannakönnun og betri kynningu/nýtingu á SFR könnun meðal starfsmanna ME, að bæta hrós og endurgjöf, að setja upp „hrósvegg“, á kaffistofu starfsmanna, bæta aðstöðu og snyrta umhverfi, verklagsreglur vegna fastráðninga verði kynntar. Þá er í tillögunum komið inn á vinnuvistfræði, skoðun á vinnuaðstöðu m.t.t. líkamsbeitingar, faglegar umræður þurfi að auka á kennarafundum, bæta upplýsingaflæði, auka samráð vegna kennsluniðurröðunar, bæta innra net starfsmanna með almennum upplýsingum um ýmsa hluti, bæta skipulag lengra fram í tímann, endurreisa nemendajónustu – starfslýsingar, mælingar og innleiðingu jafnlaunastaðals. Einnig þarf að vinna

endurmenntunarstefnu frekar og starfsþróunarviðtöl og áætlanir fyrir starfsmenn. Vinnu í starfsmannahandbók og innra vef verður haldið áfram.

Í umræðum kom fram að starfsmannaandinn er nokkuð góður um þessar mundir og starfsmenn skemmtu sér með miklum ágætum í Búbótarferð um Fljótsdalinn um daginn.

#### **4. Drög að starfsáætlun ME skólaárið 2015-2016**

Helstu verkefni:

- Skólanámskrá
  - Vinna við starfsbraut heldur áfram
  - Umönnunarbraut er enn í frosti og vantar viðurkenningu ráðuneytis.
- Almennur hluti námskrár
  - Lagfæring og endurskoðun ávallt í gangi
- Starfsmannamál
- Innleiðing vinnumats fyrir kennara
- Endurskoðun stofnanasamnings kennara í samstarfsnefnd ME
  - Í samstarfsnefnd hefur m.a. verið rætt um. að styrkja nýja kennara og endurskoða samning vegna fjarnáms.
- Umbótaáætlun í starfsmannamálum
- Starfsþróunarviðtöl – áhersla á einstaklinginn í starfi og markmiðasetningu hans.
- Nemendaþjónusta, heilsuefling og brotthvarf
  - Vinna gegn brotthvarfi nemenda með því að styrkja Nemendaþjónustu ME í sessi og vinna sérstaklega með geðrækt og lífsstíl undir merkjum heilsueflandi framhaldsskóla.
  - Skólinn verður að leggja áherslu á að halda í þá nemendur sem innritast í skólann og að þeir útskrifast með einhver ákveðin námslok.
- Spannir og verkefnatímar eru í stöðugri endurskoðun. Þótt vel gangi þarf að skerpa betur á þáttum sem snúa að nýtingu nemenda á verkefnatímum. Þó eru sterkar vísbendingar um að nemendur nýti verkefnatíma betur nú en áður.
- Fjarnám.
  - Mikilvægt er að endurskoða stefnu ME um fjarnám og auka enn á samstarf undir merkjum Fjarmenntaskólans. Dæmi um slíkt samstarf er matartæknánám sem er kláraðist að mestu s.l. vor.
- Erlend samskipti.
  - Áratugalangt samstarf við Max Planck skólann í Tríer um gagnkvæm nemendaskipti eru í endurskoðun. Skólinn er aðili að verkefni í Erasmus-áætlun 2015-17 í samstarfi við 7 aðra skóla í Evrópu.

## 5. Önnur mál

### a) Vígsla nýnema

Busun var aflögð á hausti 2014 og „nýnemamóttaka“ tekin upp í staðinn. Rebekka, áheyrnarfulltrúi nemenda og formaður NME kynnti formið á nýnemavígslu þetta árið. Mjög vel heppnað skipulag sem verður bætt enn frekar næstu árin. Nýnemar fóru einnig í gönguferð í Stapavík og síðan um Gönguskörð til Njarðvíkur þann 8. september. Ferðin gekk mjög vel í sterkri sunnanátt og sól og allir komu hressir heim síðdegis. Nefndin lýsti yfir ánægju með að nýjar hefðir væru að skapast.

### b) Félagslífið

Rebekka kynnti einnig umræður á SÍF þingi um síðastliðna helgi þar sem m.a. var talað um samræmingu á mati fyrir félagsstörf á milli framhaldsskóla. Það verður tekið til skoðunar.

### c) Nýja heimasíðan

Rætt var um nýja heimasíðu ME. Síðan lítur vel út og er orðin tæk fyrir farsíma. Verið er að leysa tæknivanda við að upplýsingar flæði af henni og á upplýsingaskjái í skólanum. Enn vantar einhvern í starf ritstjóra heimasíðu skólans til að tryggja reglulega uppfærslu.

### d) Fundaskipulag vetrarins

Formaður lagði til að nefndarfundir í vetur yrðu á eftirfarandi dögum:  
Næsti fundur 24. nóvember, þá 2. febrúar 2016, síðan 12. apríl og loks 14. júní.  
Þetta skipulag var samþykkt.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 18:50.*

*Fundargerð ritaði Árni Óla.*